

## Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Meiri hlutinn telur að skipan nefndar með þau verkefni sem tiltekin eru í þingsályktunartillögunni séu á verksviði framkvæmdarvaldsins en ekki Alþingis. Fram hefur komið að stjórnvöld eru jákvæð fyrir því að undirbúningur byggingar nýs Landspítala hefjist á yfirstandandi kjörtímabili. Vísir að þeirri fyrirætlan kemur fram í fjárlögum yfirstandandi árs og frumvarpi næsta árs þar sem samtals er verið að veita 170 millj. kr. til að undirbúa og hanna byggingu sjúkrahótels. Hagkvæmni fjárfestingarinnar í heild liggur að miklu leyti í byggingu sjúkrahótels og er því eðlilegt að byrja á þeirri framkvæmd.

Á sínum tíma fjallaði fjárlaganefnd um frumvörp um stofnun opinbers hlutafélags um nýjan Landspítala og breytingartillögur við þau lög. Nefndin fékk til sín fjölmarga gesti þá bæði vegna framkvæmdarinnar sjálfar og vegna fjármögnunar hennar.

Þá útbjó nefndin umsögn við þingsályktunartillögu þá sem samþykkt var á síðasta löggjafarþingi og vísað er til í greinargerð með þessari tillögu. Nefndinni þykir skjóta skökku við að þingsályktunartillögunni sem fjallar nær eingöngu um fjármögnunarleiðir og áfangaskiptingu framkvæmda hafi ekki verið vísað beint til fjárlaganefndar. Auk þess er um að ræða eina umfangsmestu fjárfestingu ríkisins á síðastliðnum árum.

Rétt þykir að vekja athygli velferðarnefndar á nefndarálitum fjárlaganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á 141. þingi (618. mál). Megintilgangur frumvarpsins var að breyta fyrri lögum með það að markmiði að framkvæmdin, eða í það minnsta stærstu hlutar hennar, yrði í formi hefðbundinnar opinberrar framkvæmdar, í stað þess að ríkið leigði nýbyggingar af fasteignafélagi. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að væntanlega þurfi ríkið að færa heildarskuldbindinguna til gjalda í reikningum ríkisins á framkvæmdatíma verksins en ekki einungis leigugreiðslur eftir því sem þær greiðast. Í 14. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir að verksamninga skuli gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.

Það breytir því engu um afkomu ríkissjóðs hvort um opinbera framkvæmd eða leiguframkvæmd á vegum Nýs Landspítala ohf. er að ræða. Eftir sem áður er vandinn sá að taka þarf lán til framkvæmdanna og í ljósi skuldastöðu ríkissjóðs og rekstrarafkomu er ekki enn ljóst hvernig takast á að fjármagna greiðslur vaxta og afborgana.

Valgerður Gunnarsdóttir er sammála umsögninni en var fjarverandi við sjálfa afgreiðsluna.

Alþingi, 12. nóvember 2014

Vigdís Hauksdóttir,  
Guðlaugur Þór Þórðarson,

Haraldur Benediksson,  
Ásmundur Einar Daðason,  
Karl Garðarsson.